

Tónlistarstundir 5-6 ára.

Markmið tónlistarstunda:

- Að börnin þroski með sér næmni fyrir hljóðum og hreyfingu.
- Að börnin varðveiti og þroski með sér frumkvæði til frjálstrar hreyfitjáningar með tónlist.
- Að börnin þroski með sér jákvætt viðhorf til tónlistar.
- Að börnin upplifi félagslegan þátt tónlistarinnar sem er óháður aldri og þroski með sér samstarfshæfni og tillitssemi.
- Að börnin læri einstök hugtök í tónlist s.s hátt/lágt o.s.frv.
- Að börnin þroski með sér undirstöðufærni gegnum heyrn, rödd og líkama.

Heyrnarþjálfun: Þekkja lög af rythmanum. Haldið áfram að leggja áherslu á ýmiskonar hlustunardæmi. Auka fjölbreytni þeirra út frá ýmsum sjónarhornum.

Rythmaþjálfun: Byggt ofaná og þyngt eftir þörfum og getu hvers og eins. Hvetja börnin til að semja eigin rythma með skráningu T.d. -----stutt, _____langt, oo þögn eða 1 11 11 111 11.

Söngur: Sönglög ýmiskonar. Semja og skrifa niður laglínu og/eða spila hana á hljóðfæri. Dæmi:
Nota keðjusöng.

Hreyfing: Ýmsa hreyfileiki sem hæfa aldri og þroska barnanna. Ganga í takt.

